

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Fosshlíðar – Mánahlíðar – Sunnuhlíðar – Barmahlíðar.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 11. ágúst 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi Fosshlíðar – Mánahlíðar – Sunnuhlíðar – Barmahlíðar.

Breytingin nær einvörðungu til Mánahlíðar 12 og felur í sér að byggingarreitur er stækkaður um 2 m til austurs. Nýtingarhlutfall helst óbreytt. Innan byggingarreits verður heimilt að byggja bílskúr með einhalla þaki, hámarkshæð er 4 m og hámarksveggshæð 3 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 18. október 2021,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2021